

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 21. nóvember 2023 í máli nr. 94/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur, Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 25. október 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili gerir kröfu um að greiðslukrafa varnaraðila vegna geymslukostnaðar verði felld niður. Þá gerir sóknaraðili kröfu um endurgreiðslu gjalds sem sóknaraðili greiddi árið 2019 vegna farmbréfs. Sóknaraðili gerir auk þess kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða reikning vegna vanefnda á samkomulagi aðila frá 30. september 2022. Loks gerir sóknaraðili kröfu um skaðabætur vegna skemmda á bifreið sinni auk skaðabóta vegna afnotamissis. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 25. október 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust nefndinni þann 20. janúar 2023. Sóknaraðili gerði athugasemdir við andsvör varnaraðila þann 17. maí 2023 og þann 8. júní 2023 bárust athugasemdir frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda aðila, afrit af samskiptum aðila, afrit af bréfum sóknaraðila til varnaraðila, afrit af samskiptum sóknaraðila við starfsmenn [...], afrit af reikningum, ljósmyndir, ábyrgðaryfirlýsing, afrit af farmbréfi og bókunarstaðfesting.

Með bréfi, dags. 7. nóvember, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili og eiginkona hans sigldu með ferju í eigu flutningsfyrirtækisins [...] frá [...] til [...] þar sem komið var að landi 15. mars 2022. Ferðin var liður í flutningum sóknaraðila frá [...] til [...]. Með í ferð var kerra og tvær bifreiðar, önnur af gerðinni [...] og hin af gerðinni [...]. Af gögnum málsins má ráða að bifreiðin af gerðinni [...] og kerran hafi verið á [...] skráningarnúmerum. Að sögn sóknaraðila var önnur bifreiðin og kerran, sem hvort tveggja var á [...]skráningu, kyrrsett við komu hjónanna til [...]. Umræddum munum var komið fyrir í vörslu hjá varnaraðila á svæðinu þann 15. mars 2022. Aðila greinir aðallega á um heimild varnaraðila til að krefja sóknaraðila um greiðslu geymslugjalda fyrir tímabilið 15. mars 2022 til 10. janúar 2023 á meðan umræddir munir voru í vörslum varnaraðila.

### 3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að við komu þeirra hjóna til [...]hafi för þeirra verið stöðvuð vegna skráningar annars bílsins og kerru sem hvort tveggja hafi verið með [...] skráningu. Sóknaraðili bendir á að hann hafi sjálfur haft lögheimili á Íslandi og að eiginkona hans hafi, við komuna til landsins, þegar skráð lögheimili sitt á Íslandi. Hjónin hafi því talið sjálfsagt mál að þau gætu farið með bílinn og kerruna heim og að þau yrðu upplýst um tímafrest til að koma eigum sínum á íslenska skráningu. Þá hafi ekkert tillit verið tekið til aðstæðna og að heimsfaraldur hafi ráðið framvindu.

Sóknaraðili vísar til þess að ómögulegt hafi verið að uppfylla skilyrði þess að fá umrædda hluti inn í landið við komuna til [...]. Hann bendir á að forskráning sé unnin af Samgöngustofu og að slík skráning taki nokkra daga. Þá bendir sóknaraðili einnig á að tollyfirvöld séu með starfsstöð á [...]og því ætti ekki að vera mikið mál að tollafgreiða bíl ef þess gerist þörf.

Sóknaraðili kveðst hafa reynt að fá aðstoð við útreikning kostnaðar við skráningu bílsins og kerrunnar. Honum hafi ítrekað verið bent á reiknivél tolla á vefsvæði [...] en hann hafi viljað skýrari svör. Þá hafi starfsmaður tollyfirvalda hafnað beiðni sóknaraðila um aðstoð og því enginn sem hafi getað veitt skýr svör um heildarkostnað. Þá bendir sóknaraðili á að möguleiki hafi verið fyrir hendi að fara með bílinn og kerruna aftur til [...] ef kostnaður af skráningu yrði of mikill og því hafi hjónin tekið sér tíma í ákvörðun um slíkt.

Sóknaraðili bendir á að farseðill með bílferju, þar sem fram komi skráningarnúmer og staðfesting á greiðslu sé ekki talin næg staðfesting á komu skráningarskyldra farartækja heldur sé svokallað farmbréf áskilið við skráningu. Sóknaraðili veltir því upp hvort slíkur áskilnaður hafi verið settur í lög áður en ferjusiglingar hófust og eigi því eingöngu við um farmflutninga en ekki frjálsa för ökutækja milli landa. Þá bendir sóknaraðili á að gjaldtaka varnaraðila fyrir farmbréf sé mun hærrí en hjá öðrum fyrirtækjum og að kærunefnd vöru- og þjónustukaupa hafi áður gert athugasemdir við gjaldtöku fyrirtækisins. Þrátt fyrir úrskurð kærunefndarinnar innheimti varnaraðili enn gjald fyrir gerð farmbréfa.

Sóknaraðili kveðst ekki hafa fengið upplýsingar um gjald vegna geymslu bílsins og kerrunnar fyrr en fimm mánuðum síðar. Hann vísar til þess að ef upplýsingar um gjaldtöku hefðu legið fyrir frá upphafi hefði sóknaraðili látið skrá og tollafgreiða bílinn og kerruna strax eða tekið fyrstu ferð til baka til [...] með hvort tveggja. Hann telji tollyfirvöld og varnaraðila bera ábyrgð á þessu.

Sóknaraðili bendir á að þegar hann hafi verið búinn að ganga frá forskráningu hjá [...]hafi hann farið á skrifstofu varnaraðila og ætlað að sækja farmbréf sem hafi þurft til að tollafgreiða bílinn og kerruna. Hann kveðst hafa verið tilbúinn að greiða uppsett verð fyrir farmbréfin en þrátt fyrir það hafi honum verið neitað um afgreiðslu án frekari skýringa. Nokkrum dögum síðar hafi honum borist reikningur vegna geymslu á bíl og kerru að fjárhæð 370.000 krónur. Þá hafi honum til þessa borist fleiri geymslureikningar til viðbótar, samtals að fjárhæð 540.000 krónur. Sóknaraðili bendir á að af þessum sökum hafi staðan verið þannig að varnaraðili hafi ítrekað sent geymslureikninga vegna bílsins og kerrunnar en hafi jafnframt neitað þeim um afgreiðslu farmbréfa sem sóknaraðili hafi þurft til að tollafgreiða og leysa munina út.

Sóknaraðili vísar til þess að honum hafi ekki verið leiðbeint og ekki fengið upplýsingar um samningssamband við varnaraðila vegna geymslunnar. Þá mótmælir sóknaraðili því að það sé samningssamband milli þeirra hjóna og

varnaraðila, enda hafi tollyfirvöld komið haldlögðum munum þeirra fyrir í geymslu hjá einkaaðila. Hann telji því samningssamband vera á milli tollyfirvalda og varnaraðila í málinu og bendir á að það sé ekki þeirra mál að tollyfirvöld séu ekki með geymslu á [...]fyrir haldlagða muni. Tollyfirvöld séu því kaupandi þjónustunnar. Af þeim sökum telji sóknaraðili að leysa verði úr málinu þeirra á milli.

Þá vísar sóknaraðili til þess að verðmæti hins geymda sé lægra en sem nemi reikningum varnaraðila og bendir í því sambandi á 6. gr. laga nr. 42/2000 þar sem segi: „Seljanda þjónustu er skylt að veita upplýsingar um hvort fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrir neytandann að teknu tilliti til kostnaðar við verkið með hliðsjón af verðgildi hlutarins eða öðrum atriðum sem áhrif hafa á hagkvæmni þeirrar þjónustu sem óskað er eftir.“ Í ljósi þessa telji sóknaraðili að ef litið hafi verið á þau hjónin sem kaupendur þjónustunnar hefði varnaraðila borið að upplýsa þau um kostnað vegna geymslunnar. Sóknaraðili hafi fengið sendan svimandi háan reikning sem engin leið hafi verið fyrir hjónin að greiða og segir það vera vítavert að varnaraðili hafi látið marga mánuði líða án þess að gera þeim viðvart. Hann telji að sérstök ástæða hafi verið fyrir varnaraðila að upplýsa þau um þann kostnað sem væri að hlaðast upp svo hægt væri að bregðast við.

Þá bendir sóknaraðili á 28. gr. laga nr. 42/2000 þar sem komi fram að ef ekki hafi verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skuli neytandi greiða það verð sem telja meggi sanngjarnt með hliðsjón af umfangi og eðli þjónustunnar. Sóknaraðili áréttar að þau hjónin hafi ekki samið um verð, enda sé samningssambandið á milli varnaraðila og tollyfirvalda. Hins vegar bendi sóknaraðili á að verðlítill bíll og kerra hafi staðið á afgirtu plani varnaraðila og telji hann rukkun varnaraðila í engu samræmi við það. Honum þyki reikningurinn óvenjulegur að öllu leyti og líti á hann sem persónulega árás á hjónin.

Sóknaraðili tekur fram að hann hafi verið beðinn um að koma með tillögu að lausn í málinu og vísar til skrár sem lögð hefur verið fram. Þar kemur fram að sóknaraðili hafi lagt til að fjárkröfur yrðu dregnar til baka og að sóknaraðili greiddi eðlilegt gjald fyrir farmbréf í samræmi við úrskurð kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa nr. 38/2021. Sóknaraðili bendir á að tillögu hans hafi aldrei verið svarað.

Þá greinir sóknaraðili frá því að samkomulag hafi náðst milli aðila þann 30. september 2022 þar sem ákveðið hafi verið að umræddir munir yrðu afhentir sóknaraðila án greiðslu geymslugjalda og ágreiningur vegna þess yrði leystur hjá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Sóknaraðili bendir hins vegar á að þegar þau hjónin hafi farið til [...] að sækja umrædda muni á grundvelli samkomulagsins hafi varnaraðili ekki staðið við samkomulagið. Í kjölfarið hafi sóknaraðili lagt til að hann skyldi greiða 50.000 krónur til varnaraðila og að málinu myndi ljúka þá en ekki hafi verið fallist á það. Þá hafi sóknaraðili sent varnaraðila reikning að fjárhæð 357.154 krónur vegna vanefnda á samkomulaginu.

Sóknaraðili tekur fram að honum þyki vega þungt í málinu hvort gjaldtakan fái staðist. Hann telji að upplýsa hefði þurft um kostnað vegna vörslu hinna kyrrsettu muna svo hægt væri að krefjast greiðslu á honum. Sóknaraðili bendir á að hann hafi ekki verið upplýstur um geymslugjöld fyrr en reikningur hafi borist á fimmta mánuði og þá hafi fjárhæð reikningsins verið komin hátt í 400.000 krónur.

Sóknaraðili bendir á að hjónin hafi viljað nýta rétt sinn til frjálsrar ferðar og búsetu í frjálsum landi og hafi ætlað að nýta þjónustu varnaraðila til þess. Þess í stað hafi þau verið skikkuð til viðtöku og greiðslu skjala sem hafi enga þýðingu, eigur

hjóanna verið kyrrsettar auk þess sem þeim hafi verið gert að greiða kostnað sem þau telji sig enga ábyrgð bera á. Sóknaraðili vísar til þess að viðskipti þeirra hjóna við varnaraðila hafi einkennst af leiðinlegum uppákomum allt frá árinu 2015 þegar ferja á vegum varnaraðila fór löngu fyrir skráðan brottfarartíma með þeim afleiðingum að sóknaraðili missti af henni. Þá hafi sóknaraðili verið látinn greiða fyrir ástæðulaust farmbréf við komu til landsins árið 2019 eftir að hafa komið með bíl á [...] skráningarnúmerum í ferju varnaraðila. Sóknaraðili bendir á að umræddur bíll hafi síðar farið úr landi og að aldrei hafi staðið til að skrá hann hér á landi. Þrátt fyrir það hafi honum verið gert að greiða hátt í 40.000 krónur fyrir umrætt bréf.

Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að afhenda eignir sóknaraðila án greiðslu geymslukostnaðar. Þá gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða reikning, dags. 11. október 2022, vegna vanefnda á samkomulagi, dags. 30. september 2022. Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða kostnað vegna farmbréfs sem sóknaraðili greiddi fyrir árið 2019. Sóknaraðili gerir auk þess kröfu um skaðabætur vegna afnotamissis frá 18. júlí 2022 þegar sóknaraðili hafi gengið frá forskráningu umræddra muna auk bóta vegna slæmrar framkomu varnaraðila í málinu. Loks gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða bætur vegna skemmda sem hafi orðið á bílnum í vörslu varnaraðila og bendir á að nánast nýir hemladiskar bílsins séu orðnir ryðgaðir og nær öruggt að skipta þurfi um þá.

### 3.2. Andsvör varnaraðila

Í andsvörum varnaraðila kemur fram að samkvæmt 3. gr. tollalaga nr. 88/2005 verði hver sá sem flytur vöru til landsins ábyrgur fyrir greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum tollalaga. Þetta eigi við um allar innfluttar vörur nema annað sé tekið fram í lögum. Varnaraðili bendir á að samkvæmt a. lið 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga megi fella niður, lækka eða endurgreiða tolla af bifreiðum sem skráðar séu erlendis eða keyptar nýjar og óskráðar á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum ef innflytjandi eða eftir atvikum kaupandi hennar hafi fasta búsetu erlendis, hyggist dvelja hér á landi tímabundið og nota bifreiðina í eigin þágu. Það sé jafnframt skilyrði að bifreiðin sé flutt til landsins eða eftir atvikum keypt ný og óskráð. Hver sá sem ætli að dveljast hér á landi í ár eða styttri tíma teljist dvelja hér á landi tímabundið.

Varnaraðili bendir á að bifreið og kerra sóknaraðila hafi verið á erlendum skráningarnúmerum en á þeim tíma hafi bæði sóknaraðili og eiginkona hans haft fasta búsetu og lögheimili hér á Íslandi og ekki ætlað sér að dvelja hér tímabundið. Þar af leiðandi hafi þeim borið að greiða toll af innflutningi bílsins og kerrunnar samkvæmt ákvæðum tollalaga og hafi varnaraðila því verið óheimilt að afhenda munina fyrr en tollafgreiðslu væri lokið.

Þá vísar varnaraðili til þess að í almennum skilmálum varnaraðila vegna farpegaflutninga komi fram að bóka þurfi fraktflutning vegna farartækja sem áætluð séu til varanlegs innflutnings. Auk þess sé að finna í skilmálunum tengil á upplýsingasíðu varnaraðila um innflutning bifreiða þar sem komi skýrt fram að varanlegur innflutningur á ökutækjum sé ekki mögulegur án farmskráningar og tollskýrslugerðar. Í skilmálunum komi fram að ef bifreið farþega sé hugsuð til skráningar á Íslandi og varanlegs innflutnings sé kostnaður vegna skjalavinnslu, farmskráningar og tollskýrslugerðar 52.000 krónur. Jafnframt sé viðskiptavinum bent á að hafa samband við [...] fyrir frekari upplýsingar.

Varnaraðili bendir á að í bókunarstaðfestingu sóknaraðila sé vísað til framangreindra almennra skilmála á vefsíðu varnaraðila. Þá þurfi þeir sem kaupi ferð hjá varnaraðila að samþykkja umrædda skilmála áður en greitt sé fyrir farmiða. Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt upplýsingum í kvörtun sóknaraðila hafi sóknaraðili pantað umrædda ferð í gegnum síma. Þeim samskiptum hafi verið fylgt eftir með tölvupósti frá starfsmanni varnaraðila, dags. 14. maí 2021, tíu mánuðum áður en ferðin hafi verið farin. Í umræddum pósti hafi sóknaraðila verið send bókunarstaðfesting ásamt tengli á almenna skilmála varnaraðila. Varnaraðili bendir á að í tölvupóstinum hafi verið að finna upplýsingar hvernig eigi að standa að bílalnflutningi og skráningu bíla á íslensk númer. Þá hafi leiðbeiningarnar verið ítrekaðar í tölvupósti til sóknaraðila, dags. 15. mars 2022.

Varnaraðili telur ljóst að sóknaraðili hafi verið vel upplýstur um þá verkferla sem hann hafi þurft að fylgja til að geta flutt bifreið og kerru á erlendum skráningarnúmerum til landsins. Með kaupum á farmiða til landsins hjá varnaraðila hafi sóknaraðili samþykkt almenna skilmála og verið upplýstur um að greiða þyrfti fyrir farmbréf og tollafgreiðslu ef flytja ætti bifreið á erlendu skráningarnúmeri til landsins. Þá megi ráða af kvörtun sóknaraðila að hann hafi neitað að greiða fyrir farmbréf, skjalavinnslu, farmskráningu og tollskýrslugerð við komuna til landsins. Starfsmenn tollyfirvalda hafi gert sóknaraðila ljóst að ekki væri heimilt að afhenda erlendar bifreiðar, sem ætlaðar væru til varanlegs innflutnings, áður en tollafgreiðsla og greiðsla aðflutningsgjalda hefði farið fram.

Varnaraðili bendir á að í 1. mgr. 69. gr. tollalaga sé kveðið á um hvar heimilt sé að geyma ótollafgreiddar vörur. Í 2. mgr. ákvæðisins komi fram að óheimilt sé að geyma vörur utan þeirra geymslusvæða sem komi fram í ákvæðinu. Varnaraðili starfræki tollvörugeymslu á [...], sbr. 2. tölul. 1. mgr. 69. gr. tollalaga og hafi bifreið og kerra sóknaraðila verið færð þangað í ljósi þess að ekki hafi verið hægt að ljúka tollafgreiðslu þeirra við komu til landsins þann 15. mars 2022. Þá bendir varnaraðili á að í 62. gr. siglingalaga nr. 34/1985 komi fram að þegar viðtakandi taki við farmi þá skuldbindi hann sig til að greiða farmgjöld og aðrar kröfur sem farmflytjandi geti krafist greiðslu á samkvæmt farmskírteini eða öðru skjali sem segi til um flutning farmsins. Þá komi fram í 64. gr. siglingalaga að ef viðtakandi fullnægi ekki skilmálum fyrir afhendingu vörunnar eða tefji affermingu svo að henni geti ekki orðið lokið í tæka tíð sé farmflytjanda heimilt að færa vöru í land og koma henni í örugga geymslu á kostnað viðtakanda.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 77. gr. tollalaga sé þeim sem hafi ótollafgreiddar vörur í sinni vörslu til flutnings eða geymslu óheimilt að láta þær af hendi án leyfis tollyfirvalda. Þá bendir varnaraðili á að í tölvupósti [...] til sóknaraðila, dags. 16. september 2022, komi fram að bifreiðin og kerran séu ótollafgreiddir munir og því sé ekki hægt að hleypa þeim inn í landið. Sóknaraðili hafi í póstinum verið upplýstur um að munirnir hafi verið settir í geymslu fyrir ótollafgreiddan varning hjá varnaraðila auk þess sem þar komi fram að sóknaraðili hafi þegar fengið nauðsynlegar upplýsingar um fjárhæð aðflutningsgjalda og ekkert sé því til fyrirstöðu af hálfu tollyfirvalda að tollafgreiða munina. Varnaraðili bendir því á að það hafi verið í höndum sóknaraðila sjálfs að klára tollafgreiðslu og sækja munina úr geymslu varnaraðila.

Varnaraðili ítrekar að honum hafi verið óheimilt að afhenda umrædda muni sóknaraðila nema með heimild tollyfirvalda, sbr. 77. gr. tollalaga. Varnaraðila hafi fyrst verið heimilt að afhenda munina þann 10. janúar 2023 þegar honum hafi borist

tölvupóstur frá starfsmanni [...] með slíkri heimild. Sama dag hafi sóknaraðila verið afhend bifreiðin og kerran og samhliða hafi sóknaraðili skilað inn ábyrgðaryfirlýsingu þar sem fram hafi komið að geymslugjöld yrðu greidd í samræmi við niðurstöðu kærunefndar vöru- og þjónustukaupa. Óumdeilt sé að krafa vegna greiðslu fyrir tollskýrslugerð og farmbréf hafi verið felld niður. Málið lúti því einungis að kröfu vegna geymslugjalda fyrir þá rúmlega tíu mánuði sem varnaraðila var skylt að annast geymslu ótollafgreidda muni sóknaraðila lögum samkvæmt.

Varnaraðili vísar til þess að við komuna til landsins hafi sóknaraðila verið gert ljóst að óheimilt væri að taka umrædda muni með sér inn í landið og að eðli málsins samkvæmt yrðu þeir geymdir á viðeigandi stað þar til sóknaraðili hefði klárað skráningu og greiðslu aðflutningsgjalda. Það hafi því verið í höndum sóknaraðila hvenær hann leysti til sín munina. Þá hafi sóknaraðili verið upplýstur um að krafist yrði geymslugjalds í síðasta lagi í tölvupósti sem sendur hafi verið til sóknaraðila þann 13. júlí 2022. Á sama tíma hafi sóknaraðili verið upplýstur um að ekki yrði krafist greiðslu fyrir farmbréf og tollskýrslugerð. Ekkert hafi staðið því í vegi að sóknaraðili kláraði sín mál í kjölfar þessara samskipta en þrátt fyrir það hafi sóknaraðili ekki klárað að skrá og tollafgreiða munina fyrr en um fimm mánuðum síðar.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi ekki mátt hafa réttmætar væntingar til þess að bifreiðin og kerran yrðu geymd á Seyðisfirði honum að kostnaðarlausu á meðan hann hafi ákveðið að klára ekki tollafgreiðslu þeirra. Samkvæmt 64. gr. siglingalaga sé farmflytjanda heimilt að færa muni í örugga geymslu á kostnað viðtakanda ef viðtakandi fullnægir ekki skilmálum fyrir afhendingu vörunnar. Þá sé tollyfirvöldum heimilt að taka ótollafgreiddar vörur í sínar vörslur á kostnað farmflytjanda eða innflytjanda. Varnaraðili vísar því til þess að sér hafi verið heimilt og skylt að geyma muni sóknaraðila á meðan skilyrði fyrir afhendingu þeirra hafi ekki verið uppfyllt. Kostnaður við slíka geymslu kunni eðli málsins samkvæmt að vera breytilegur eftir stærð og gerð muna, þörf á eftirliti o.fl.

Þá kemur fram í andsvörum varnaraðila að þrátt fyrir umfangsmikil samskipti sóknaraðila við varnaraðila frá 15. mars 2022 hafi sóknaraðili ekki óskað eftir upplýsingum um gjaldskrá geymslugjalda fyrr en með tölvupósti, dags. 4. nóvember 2022. Gjaldskrá hafi í kjölfarið verið send sóknaraðila þann 7. nóvember 2022. Varnaraðili bendir á að það hafi ekki verið í verkahring hans að gera samkomulag við sóknaraðila um geymslu eða kostnað þar sem geymsla umræddra muna sé ekki þjónusta sem varnaraðili veiti viðskiptavinum sínum og byggðist því ekki á samkomulagi við sóknaraðila. Varnaraðili hafi annast geymslu á munum sóknaraðila í 301 dag frá 15. mars 2022 til 10. janúar 2023 og heildarkostnaður vegna geymslu sé því 701.631 krónur án vsk. samkvæmt gjaldskrá varnaraðila. Varnaraðili bendir á að gjaldskráin sé í samræmi við gjaldskrá annarra fyrirtækja vegna sambærilegrar geymslu. Geymsla bifreiðar og kerru á geymslusvæði [...] í 301 dag væri til að mynda að lágmarki 420.798 krónur. Hins vegar bendir varnaraðili á að geymsla innfluttra muna sé ekki hluti af starfsemi varnaraðila heldur sé um að ræða neyðarúrræði sem beitt sé ef viðskiptavinir sinna ekki tollafgreiðslu innfluttra muna. Þá sé ekki hægt að semja við varnaraðila um geymslu muna á svæðinu og af þeim sökum sé gjaldskrá vegna geymslu ekki birt á vefsíðu varnaraðila. Varnaraðili bendir á að rekstur á geymslusvæðinu sé fyrst og fremst kominn til vegna kröfu tollyfirvalda um að fyrirtæki sem sinni fraktflutningum til landsins haldi úti afgirtri

geymslu sem hægt sé að nota þegar óheimilt sé að afhenda tiltekna muni eða vörur. Geymsla á munum sóknaraðila falli því ekki undir reglubundna starfsemi varnaraðila heldur hafi hún byggst á skyldum varnaraðila samkvæmt ákvæðum tolla- og siglingalaga.

Varnaraðili bendir á að á grundvelli tollalaga og almennra reglna kröfuréttar hafi honum borið að annast muni sóknaraðila á meðan þeir hafi verið ósóttir. Varnaraðili ítrekar að farmflytjanda sé heimilt að færa vöru í land og koma henni í öruggt skjól á kostnað viðtakanda ef hann fullnægir ekki skilmálum fyrir afhendingu vörunnar, sbr. 1. mgr. 64. gr. siglingalaga. Varnaraðili vísar til þess að á grundvelli framangreindra meginreglna geti sá, sem annast þurfi geymslu vegna viðtökudráttar, krafist þess að fá geymslukostnað bættan úr hendi viðtakanda. Jafnframt sé geymsluaðila heimilt að halda hlutum þar til kostnaður hefur verið greiddur eða nægjanleg trygging lögð fram. Sama regla gildi í neytendakaupum, sbr. 1. mgr. 60. gr. laga um neytendakaup nr. 48/2003. Varnaraðili bendir á að með vísan til framangreinds hafi varnaraðili kafið sóknaraðila um sanngjarna greiðslu vegna geymslunnar. Þrátt fyrir að varnaraðila hafi verið heimilt að krefja um fulla greiðslu hafi hann boðist til að lækka geymslugjöld, umfram skyldu, svo ljúka mætti málinu. Þrátt fyrir slíkt boð hafi sóknaraðili ekki sýnt samningsvilja og kosið að draga málið með tilheyrandi kostnaði. Varnaraðili telji að komast hefði mátt hjá þessu máli og greiðslu geymslugjalda ef sóknaraðili hefði klárað tollafgreiðslu líkt og honum hafi ítrekað verið leiðbeint um.

Þá bendir varnaraðili á að ábyrgð á tollafgreiðslu bifreiðarinnar og kerrunnar hafi alfarið hvílt á sóknaraðila, sbr. 3. og 127. gr. tollalaga. Varnaraðili hafi uppfyllt skyldu sína um að veita nauðsynlegar leiðbeiningar og hafi ekki borið að hlutast frekar til um tollafgreiðslu á munum sóknaraðila. Þar sem atvik þau sem leitt hafi til geymslu á munum sóknaraðila séu alfarið til komin vegna háttsemi sóknaraðila telji varnaraðili að sóknaraðila beri að greiða eðlilegt gjald fyrir geymslu á umræddum munum.

Varnaraðili vísar til þess að úrskurður kærunefndar vöru- og þjónustukaupa frá 28. október 2021 í máli nr. 38/2021, sem sóknaraðili hafi vísað til, hafi ekki fordæmisgildi í málinu. Í málinu hafi m.a. verið deilt um hvort seljanda hafi borið að leiðbeina kvartanda í málinu um að það kynni að vera ódýrara að fá útgefið farmbréf áður en bifreið hafi verið flutt til landsins en slíkum sjónarmiðum hafi ekki verið haldið fram í umræddu máli. Þar að auki komi það fram í skilmálum á vefsíðu varnaraðila hver kostnaður við innflutning erlendrar bifreiðar sé. Þá hafi krafa á hendur sóknaraðila vegna greiðslu farmbréfs verið felld niður.

### 3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum ítrekar sóknaraðili að ekkert samnings samband sé á milli sóknaraðila og varnaraðila í málinu, enda hafi ákvörðun um geymslu verið tekin hjá tolyfirvöldum. Þá bendir sóknaraðili á að ljóst sé að starfsmenn tolyfirvalda hafi haft vitneskju um geymslugjald vegna vörslu munanna og beri því ábyrgð á þeim mistökum að sóknaraðili hafi ekki verið upplýstur um slíkt.

Sóknaraðili bendir á að aðila greini annars vegar á um hvort nauðsynlegt hafi verið að hindra för hjónanna við komu til landsins í mars 2022. Sá þáttur málsins verði sendur Umboðsmanni Alþingis og ESA. Hins vegar snúi ágreiningur aðila að umræddum geymslugjöldum og hvort rétt hafi verið staðið að þeirri kröfugerð. Sóknaraðili telji að ef krafa vegna geymslugjalda hafi verið réttmæt í upphafi hafi

varnaraðili fyrirgert rétti til hennar með því að upplýsa sóknaraðila ekki um kostnaðinn fyrr en mörgum mánuðum seinna. Þá séu reikningar varnaraðila ekki í samræmi við gjaldskrá eða verðmæti þess geymda.

Sóknaraðili gerir athugasemd við að varnaraðili sé nefndur „seljandi“ í andsvörum varnaraðila þar sem enginn samningur um viðskipti milli aðilanna liggir fyrir. Þá tekur sóknaraðili fram að hann og eiginkona hans séu bæði málsaðilar, enda sé eiginkona hans skráður eigandi þeirra muna sem ágreiningurinn snúist um.

Sóknaraðili segir rangt að [...] hafi heimilað afhendingu þann 10. janúar 2023. Hann segir munina hafa verið forskráða hjá [...] þann 18. júlí 2022 og sama dag hafi tollafgreiðslu verið lokið. Sóknaraðili vísar til tölvupósts frá starfsmanni [...] og bendir á að þann 18. október hafi sóknaraðili haft heimild til að sækja eigur sínar.

Þá bendir sóknaraðili á að það sé ekki rétt að gjald fyrir farmbréf hafi verið felld niður til að koma til móts við þau hjónin. Sóknaraðili segir þetta ekki standast skoðun og bendir á að þeim hafi verið neitað um afhendingu farmbréfanna þann 18. júlí á skrifstofu varnaraðila. Varnaraðili hafi auk þess neitað þeim um tollskýrslugerð og tekið fyrir öll frekari samskipti. Sóknaraðili telur varnaraðila reyna að koma í veg fyrir að hægt sé að kæra gjalddöku varnaraðila vegna farmbréfa, enda hafi kærunefnd vöru- og þjónustukaupa áður komist að þeirri niðurstöðu að gjaldtaka vegna bréfanna hafi verið of há.

Sóknaraðili bendir á að gerð innflutningspappíra og krafa vegna þeirra hafi ekki verið tímabær þar sem sóknaraðili hafi ekki verið búinn að taka ákvörðun um hvort bíllinn yrði áfram á Íslandi. Þá telji hann það ekki koma ferjurekanda við í hvaða landi vegfarendur búa, á hvaða farartækjum þeir ferðist og í hvaða erindagjörðum þeir séu. Sóknaraðili bendir á að afskipti varnaraðila og áskilnaður um frakt- og farmbréf sé ekki í samræmi við EES samninginn sem kveði á um frjálsa för og frjálsa búsetu.

Sóknaraðili vísar til þess að ferðin hafi verið pöntuð símleiðis þann 4. mars 2022 og að sóknaraðili hafi gert varnaraðila það ljóst að ekki væri ákveðið hvort bíllinn yrði áfram í notkun á Íslandi og að slíkt myndi ráðast af kostnaði. Þá bendir sóknaraðili á að úrskurður kærunefndar vöru- og þjónustukaupa sem laut að gjalddöku fyrir farmbréf hafi haft góð áhrif á flutninginn til Íslands þar sem hann hafi staðið í þeirri trú að „þessi fimmfalda gjaldtaka fyrir farmbréf“ væri úr sögunni. Svo hafi ekki verið, enda hafi sóknaraðila borist póstur frá varnaraðila þar sem hafi komið fram að kostnaður við hvert bréf væri 52.000 krónur. Þá taki varnaraðili það fram að þetta, ásamt því að illa hafi gengið að fá uppgefinn heildarkostnað við skráningu og tollafgreiðslu, hafi orðið til þess að hjónin hafi ákveðið að bíða með ákvörðun um framhaldið.

Sóknaraðili bendir á að honum hefði þótt eðlilegt að bæta við upplýsingar varnaraðila um bílannflutning að aðilar hefðu tiltekinn dagafjölda til að fara í gegnum þau skref sem komi fram í upplýsingunum en að þeim tíma liðnum yrði lagt á geymslugjald.

Þá vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi neitað þeim um afgreiðslu farmbréfa þann 18. júlí 2022 eftir að sóknaraðili hafi forskráð bílinn og kerruna hjá Samgöngustofu og ætlað að klára að skrá og tolla umrædda muni. Varnaraðili hafi því með þessu komið í veg fyrir að sóknaraðili hafi getað klárað þetta mál og beri af þeim sökum ábyrgð á framvindu málsins eftir þann tíma. Þá bendir sóknaraðili á að þau hjónin hafi gert margar tilraunir til að finna lausnir á málinu með varnaraðila en því hafi ýmist ekki verið svarað eða ekki staðið við. Hann telji framkomu

varnaraðila þann 18. júlí 2022 vera ástæðuna fyrir í hvaða veg málið hafi farið og vísar til þess að fullyrðingar varnaraðila um að sóknaraðili hafi tafið framvindu málsins og að varnaraðila hafi verið skylt að halda eigum hans í tíu mánuði á þeirri forsendu að sóknaraðili hafi ekki leyst út eigur sínar séu rangar.

Sóknaraðili bendir á að umrætt geymslusvæði sé á hafnarsvæði. Svæðið sé malarstæði sem sé að hluta vaxið grasi og illgresi, girt með vírneti og gaddavír og hæð þess rétt yfir flæðamáli. Sóknaraðili telji það orka tvímælis hvort umrætt svæði geti talist forsvaranleg geymsla fyrir ökutæki og bendir á að bremsudiskar bílsins hafi verið ónýtir af ryði eftir vörslutímann. Sóknaraðili bendir auk þess á að gjaldið sem krafist hafi verið sé hærra en upphituð innigeymsla á höfuðborgarsvæðinu kosti.

Sóknaraðili bendir á að greiðslutímabil fyrir hverskonar leigu miðist alla jafnan við mánuð og að fyrsti reikningur sé gefinn út fyrir fyrsta mánuð samningstímans. Sóknaraðili ítrekar að enginn samningur liggja fyrir milli aðila og að upplýsingar um gjaldtöku hafi ekki borist sóknaraðila fyrr en varnaraðili hafi gefið út reikning á hendur honum tæpum fimm mánuðum eftir að munum hans hafi verið komið fyrir á svæði varnaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að í lögum segi að tollyfirvöldum sé heimilt að taka vörur í sínar vörslur á kostnað farmflytjanda. Hann telji því rétt að geymsluaðili rukki tollinn og að tollurinn rukki síðan eiganda vörunnar.

Þá bendir sóknaraðili á að hann hafi átt pantaða ferð með varnaraðila árið 2015 en þá hafi ferjan farið úr höfn löngu fyrir áætlaða brottför og sóknaraðili orðið fyrir miklu tjóni vegna þessa. Árið 2019 hafi sóknaraðili aftur átt viðskipti við varnaraðila en þá hafi hann komið til landsins með bíl á [...] skráningarnúmerum. Á þeim tíma hafi honum verið hleypt inn í landið þrátt fyrir að aðstæður hafi verið með sama hætti og við komuna til landsins árið 2022. Árið 2019 hafi sóknaraðili hins vegar verið skikkaður til að greiða um 40.000 krónur fyrir farmbréf vegna bílsins.

Hvað varðar gjaldskrá varnaraðila vísar sóknaraðili til þess að hún hafi ekki komið til sögunnar fyrr en langt hafi verið liðið á málið. Sóknaraðili bendir á að samanlagt rúmmál bílsins og kerrunnar sé langt innan við viðmið í 25 rúmmetra gjaldflokki gjaldskrárinnar. Þrátt fyrir það krefji varnaraðili um gjald vegna tveggja rýma, þ.e. eitt fyrir bíl og annað fyrir kerru. Þá sé kerran flokkuð með vörubílum, rútum, tengivögnum og húsbílum þrátt fyrir að vera aðeins lítið brot af þessu 25 rúmmetra viðmiði. Að lokum bendir sóknaraðili á að reikningar varnaraðila, sem stílaðir séu á sóknaraðila þrátt fyrir að eiginkona hans sé skráður eigandi, séu ekki miðaðir við umrædda gjaldskrá en á þeim standi „*Geymslugjöld vegna [...] og kerru, 8 metrar*“.

Sóknaraðili bendir á að ábyrgð hvíli á varnaraðila eftir 18. júlí 2022 þegar sóknaraðila hafi verið neitað um afgreiðslu farmbréfa. Fram að þeim tíma telji hann tollyfirvöld bera ábyrgð á geymslugjöldum vegna vanrækslu á að upplýsa sóknaraðila um gjaldið.

Sóknaraðili vísar til þess að í andsvörum varnaraðila hafi komið fram að um sé að ræða neyðarúrræði sem einungis sé beitt ef viðskiptavinir sinni ekki skyldu til að tollafgreiða innflutta muni. Þetta þyki sóknaraðila benda til þess að varnaraðili hafi átt hlutdeild í að hindra för þeirra hjóna í mars 2022. Þá bendir sóknaraðili á að nauðsyn hafi ekki verið til staðar, enda hafi mátt klára forskráningu og tollafgreiðslu eftir heimkomu þeirra. Í huga sóknaraðila sé neyðarlegt að ekki sé hægt að

tollafgreiða gamlan bíl og kerru strax við komu til hafnar þrátt fyrir að tollyfirvöld haldi þar úti mannaðri starfsstöð.

Sóknaraðili ítrekar að hann sé ósáttur við að hafa verið krafinn um greiðslu fyrir tvö farmbréf, 52.000 krónur fyrir hvert og vísar til eldri úrskurðar kæruneftdarinnar. Þá bendir hann á að gerð farmbréfa sé líklega óþörf, enda hafi bíllinn og kerran að lokum verið tollafgreidd án þeirra. Hann vísar til þess að spurningum um nauðsyn vegna gerðar farmbréfa og verðlagningu þeirra verði komið til Umboðsmanns Alþingis.

Auk framangreinds geri sóknaraðili kröfu um bætur vegna afnotamissis auk bóta vegna mikils andlegs álags, vinnu og kostnaðar sem málið hafi leitt af sér.

#### 3.4. Athugasemdir varnaraðila

Í athugasemdum sínum ítrekar varnaraðili þau sjónarmið sem komu fram í andsvörum varnaraðila og mótmælir athugasemdum sóknaraðila alfarið. Varnaraðili bendir á að ef sóknaraðili hefði fylgt leiðbeiningum varnaraðila og tollyfirvalda og leitast við að ganga frá tollafgreiðslu í samræmi við lög hefði ágreiningurinn ekki orðið. Umþrættur kostnaður sé einungis rakinn til athafnaleysis sóknaraðila. Þá vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi ekki mátt gera ráð fyrir að geymsla ótollafgreiddra muna á geymslusvæði varnaraðila væri honum að kostnaðarlausu, enda hafi það verið í hendi sóknaraðila að leysa munina út og varnaraðila beinlínis óheimilt að afhenda munina fyrr en að fengnu leyfi tollyfirvalda, sbr. 77. gr. tollalaga.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili sé í villu hvað varði þátt varnaraðila í þeirri atburðarrás sem liggja að baki kvörtun. Tollyfirvöld hafi stöðvað för sóknaraðila inn í landið og komið munum hans fyrir í geymslu hjá varnaraðila. Varnaraðili hafi einungis framfylgt skyldum sínum samkvæmt lögum á meðan skilyrðum afhendingar hafi ekki verið fullnægt. Þá hafi sóknaraðila verið skylt að kynna sér skilyrði fyrir innflutningi umræddra muna og hafi jafnframt fengið leiðbeiningar frá varnaraðila og tollyfirvöldum. Tollafgreiðsla hafi alfarið hvílt á sóknaraðila sjálfum, sbr. 3. og 127. gr. tollalaga.

Varnaraðili vísar til þess að farið hafi verið eftir lögum og reglum sem varnaraðila hafi borið að fara eftir. Þá telji varnaraðili að hann hafi haft heimildir að lögum til að krefja sóknaraðila um eðlilegt gjald vegna geymslu munanna í tíu mánuði þar sem geymslan hafi verið nauðsynleg og lögbundin í ljósi þess að ekki hafi verið gengið frá tollafgreiðslu af hálfu sóknaraðila. Varnaraðili hafni því öllum kröfum sóknaraðila.

## IV

### Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili og eiginkona hans sigldu með ferju í eigu varnaraðila frá [...] til [...] í mars árið 2022. Lagt var af stað þann 12. mars og komið til Íslands 15. mars 2022. Tvær bifreiðar, önnur af gerðinni [...] og hin af gerðinni [...], og ein kerra voru flutt til landsins í sömu ferð. Bifreiðin af gerðinni [...] og kerran voru á [...] skráningarnúmerum við komuna til [...]. Að sögn sóknaraðila var önnur bifreiðin og kerran, sem hvort tveggja var á [...] skráningu, kyrrsett við komu hjónanna til [...] og

komið fyrir í vörslu hjá varnaraðila á svæðinu. Krafa sóknaraðila varðar útgefinn reikning af hálfu varnaraðila þar sem krafist er greiðslu geymslugjalda fyrir tímabilið 15. mars 2022 til 10. janúar 2023 á meðan umræddir munir sóknaraðila voru í vörslum varnaraðila. Þá varðar krafa sóknaraðila gjaldtöku varnaraðila vegna farmbréfs eða s.k. farmskírteinis, annars vegar frá árinu 2019 og hins vegar vegna umræddrar ferðar í mars 2022. Sóknaraðili gerir auk þess kröfu um skaðabætur vegna afnotamissis umræddra muna frá 18. júlí 2022 auk bóta vegna tjóns sem hafi orðið á bifreiðinni á geymslusvæði varnaraðila. Þá gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða sanngjarnar bætur vegna framkomu varnaraðila í sinn garð. Að lokum gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða reikning vegna vanefnda á samkomulagi aðilanna frá 30. september 2022. Varnaraðili hefur fallist á að fella niður gjald vegna tollskýrslugerðar og útgáfu farmbréfs frá árinu 2022 og því er ekki ágreiningur um það.

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu um þjónustu varnaraðila sem fólst í flutningi sóknaraðila auk bifreiða og kerru frá [...] til [...] á tímabilinu 12. til 15. mars árið 2022. Um viðskipti sóknaraðila og varnaraðila gilda ákvæði siglingalaga nr. 34/1985. Við framkvæmd umsáttinnar þjónustu hvíldu einnig ákveðnar skyldur á varnaraðila sem farmflytjanda, sem leiða má af ákvæðum siglingalaga og af ákvæðum tollalaga nr. 88/2005.

Fyrir liggur að bifreið og kerra í eigu sóknaraðila og eiginkonu hans hafi verið í vörslum varnaraðila frá 15. mars 2022 til 10. janúar 2023 og hefur varnaraðili krafist sóknaraðila um greiðslu geymslugjalda fyrir umrætt tímabil, samtals að fjárhæð 849.789 krónur. Umræddir munir voru á [...] skráningarnúmerum við komu hjónanna til landsins þann 15. mars 2022. Sóknaraðili kveðst ekki hafa verið búinn að ákveða hvort bifreiðin skyldi tollafgreidd á Íslandi en möguleiki hafi verið að flytja bifreiðina aftur til [...].

Samkvæmt 3. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hver sá tollskyldur sem flytur vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða til eigin nota. Þer þeim aðila að greiða tolla samkvæmt ákvæðum tollalaga. Um almenna reglu er að ræða sem gildir almennt við innflutning á vörum nema skilyrði séu uppfyllt til undanþágu frá reglunni. Í a. lið 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur fram, að unnt sé, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að flytja ökutæki með erlend skráningarnúmer til Íslands án þess að greiða aðflutningsgjöld að fullu. Sá möguleiki er fyrir hendi þegar innflytjandi hyggst dvelja tímabundið á Íslandi, en hver sá sem hyggst dvelja á Íslandi í eitt ár eða styttri tíma telst dvelja hér á landi tímabundið. Skilyrðin fyrir tollfrjálsum tímabundnum innflutningi ökutækja eru aukinheldur að innflytjandi sé með eða hafi verið með fasta búsetu erlendis, að bifreiðin sé ætluð til persónulegra nota innflytjanda, að bifreiðin sé flutt til landsins innan eins mánaðar frá komu viðkomandi til tímabundinnar dvalar, svo og að bifreiðin verði flutt úr landi við lok dvalar viðkomandi í landinu, sbr. og 18. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Samkvæmt 24. gr. reglugerðarinnar falla slík tollfríðindi niður ef aðili ákveður að dvelja hér á landi lengur en í eitt ár eða taka hér upp varanlega búsetu. Þá er heimilt að flytja eftirvagna á erlendum skráningarnúmerum tímabundið til landsins, án greiðslu aðflutningsgjalda, til nota við flutning vara til og frá landinu, sbr. b. lið 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga og 21. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

Fyrir liggur að umrædd bifreið og kerra voru á erlendum skráningarnúmerum við komuna til Íslands þann 15. mars 2022 en á þeim tíma höfðu sóknaraðili og eiginkona hans skráð lögheimili og fasta búsetu hér á landi. Auk þess liggur ekkert

fyrir í málinu um að sóknaraðili hafi skilað inn svokölluðu E-9 eyðublaði, yfirlýsingu um tímabundinn innflutning á ökutæki með erlend skráningarmerki, til varnaraðila og tollyfirvalda fyrir upphaf ferðarinnar. Afhending slíks eyðublaðs er nauðsynleg forsenda þess að undanþága verði veitt frá meginreglu 3. gr. tollalaga. Undanþága frá greiðslu aðflutningsgjalda vegna tímabundins innflutnings var því ekki uppfyllt og bar sóknaraðila að tollafgreiða umrædda muni og setja á íslensk númer.

Í 62. gr. siglingalaga nr. 34/1985 kemur fram að viðtakandi farms skuldbindi sig til að greiða farmgjöld og aðrar kröfur sem farmflytjandi geti krafist greiðslu á samkvæmt farmskírteini eða öðru skjali sem segi fyrir um flutning farmsins. Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. sömu laga er farmflytjanda heimilt að halda eftir farmi þar til viðtakandi greiðir eða greiðir á geymslureikning það fé sem honum beri að greiða eftir 62. gr. laganna. Þá er að finna í 1. mgr. 64. gr. heimild fyrir farmflytjanda að koma vöru í geymslu á kostnað viðtakanda í þeim tilfellum sem viðtakandi fullnægir ekki skilmálum fyrir afhendingu vörunnar eða tefur svo affermingu að henni getur ekki lokið í tæka tíð. Í seinni málslið ákvæðisins kemur fram að tilkynna skuli viðtakanda geymslu vörunnar.

Í 1. mgr. 69. gr. tollalaga er kveðið á um hvar heimilt sé að geyma ótollafgreiddar vörur en samkvæmt 2. mgr. 69. gr. laganna kemur fram að óheimilt sé að geyma ótollafgreiddar vörur utan þeirra geymslusvæða sem nefnd eru í 1. mgr. ákvæðisins. Bifreið og kerru sóknaraðila og eiginkonu hans var komið fyrir á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddan varning, starfræktu af varnaraðila, þann 15. mars 2022. Samkvæmt 77. gr. tollalaga er þeim sem hafa ótollafgreiddar vörur í sinni vörslu til flutnings eða geymslu óheimilt að láta þær af hendi án leyfis tollyfirvalda. Að sögn varnaraðila barst slík heimild tollyfirvalda þann 10. janúar 2023 og voru umræddir munir afhendir sóknaraðila sama dag. Sóknaraðili hefur vísað til þess að gengið hafi verið frá tollafgreiðslu þann 18. október 2022 og þá hafi varnaraðila borið að afhenda umrædda muni.

Varnaraðili hefur krafist sóknaraðila um greiðslu geymslugjalda frá 15. mars 2022 til 10. janúar 2023. Sóknaraðili byggir kröfu sína um niðurfellingu reiknings á því að hann hafi ekki verið upplýstur um gjaldtöku vegna geymslu umræddra muna auk þess sem hann hafi ekki óskað eftir þjónustu varnaraðila. Þá hefur sóknaraðili vísað til þess að samningssamband sé á milli tollyfirvalda og varnaraðila þar sem það hafi verið ákvörðun starfsmanna tollyfirvalda að koma umræddum munum í vörslur varnaraðila. Varnaraðili hefur vísað til þess að sóknaraðili hafi ekki mátt hafa réttmætar væntingar til þess að bifreiðin og kerran yrðu geymd á svæði varnaraðila honum að kostnaðarlausu þann tíma sem umræddir munir voru ótollafgreiddir.

Fyrir liggur að varnaraðila barst heimild tollyfirvalda um að afhenda eigur sóknaraðila þann 10. janúar 2023. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á að greiðsla aðflutningsgjalda hafi farið fram fyrr. Í tölvupósti, dags. 18. október 2022, sem sóknaraðili vísar til staðfestir starfsmaður [...] að aðflutningsgjöldin hafi verið tilbúin til greiðslu en ekkert liggur fyrir um greiðslu gjaldsins á þeim tíma. Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á innflytjanda vöru, hér sóknaraðila, sbr. 3. og 127. gr. tollalaga. Samkvæmt gögnum máls bókaði sóknaraðili umrædda ferð í gegnum síma. Þann 14. maí 2021 var sóknaraðila sendur tölvupóstur með bókunarstaðfestingu ásamt tengli á almenna skilmála varnaraðila auk tengils á svokallað E-9 eyðublað. Í tölvupóstinum komu einnig fram upplýsingar um bílainnflutning og leiðbeiningar varðandi ferli við að skrá bíl á íslensk númer. Í almennum skilmálum varnaraðila kemur fram að bóka þurfi farartæki sem áætluð

eru til varanlegs innflutnings sem fraktflutning og að innflutningur sé ekki mögulegur án farmskráningar og tollskýrslugerðar. Sóknaraðila mátti því vera ljóst að greiða þyrfti fyrir farmbréf og tollafgreiðslu við komuna til landsins. Sóknaraðili neitaði greiðslu tilskilinna gjalda við komuna til landsins og því bar varnaraðila að geyma umrædda muni á geymslusvæði sínu, sbr. 69. og 77. gr. tollalaga. Sóknaraðila mátti vera ljóst að sú geymsla væri ekki gjaldfrjáls. Þá var sóknaraðila í lófa lagið að greiða tilskilin gjöld og hlutast til um skráningu og tollafgreiðslu eigna sinna og þar með takmarka tjón sitt. Það gerði sóknaraðili hins vegar ekki. Þó er fallist á með sóknaraðila að varnaraðila hefði verið rétt að upplýsa sóknaraðila um þann kostnað sem krafist yrði greiðslu fyrir vegna geymslu bifreiðar og kerru sóknaraðila. Í 17. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 er mælt fyrir um skyldu fyrirtækja sem selja vörur eða þjónustu til neytenda að merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Þá segir í 4. gr. reglna um verðupplýsingar við sölu á þjónustu nr. 537/2011 að verðskrá yfir alla framboðna þjónustu skuli ávallt vera birt með áberandi hætti þar sem þjónusta er veitt. Skal verðskráin vera skýr, aðgengileg og greinileg þannig að augljóst sé hvaða þjónustu verðmerkingin á við.

Ekki hefur verið sýnt fram á að varnaraðili hafi upplýst sóknaraðila um þann kostnað sem krafist yrði vegna geymslu á eignum sóknaraðila fyrr en með reikningi, dags. 29. júlí 2022, þar sem krafist var geymslugjalda vegna tímabilsins 22. mars til 29. júlí 2022, samtals að fjárhæð 372.867 krónur. Heildarupphæð geymslugjalda vegna tímabilsins 22. mars 2022 til 10. janúar 2023 er 849.789 krónur. Kærunefndin fellst á það með varnaraðila að hann eigi rétt á greiðslu fyrir geymslu á eignum sóknaraðila en telur rétt að varnaraðili beri hluta þess kostnaðar á tímabilinu 22. mars til 29. júlí 2022 í ljósi þess að sóknaraðili var ekki upplýstur um gjaldtökuna á því tímabili. Að mati nefndarinnar er hæfilegt að sóknaraðili verði látinn greiða 100.000 krónur í geymslukostnað á fyrrgreindu tímabili. Varnaraðila ber samkvæmt framangreindu að lækka greiðslukröfu sína á hendur sóknaraðila um 272.867 krónur.

Þá hefur sóknaraðili bent á að reikningar varnaraðila séu ekki í samræmi við gjaldskrá og vísað til þess að varnaraðili hafi krafist sóknaraðila um gjald vegna tveggja rýma þrátt fyrir að samanlagt rúmmál bifreiðarinnar og kerrunnar sé innan við viðmið í 25 rúmmetra gjaldflokki umræddrar gjaldskrár. Í framlagðri gjaldskrá kemur skýrt fram að tiltekið gjald sé tekið fyrir hvern dag vegna geymslu bifreiðar undir 25 rúmmetrum en hærra gjald vegna geymslu bifreiðar sem fer umfram 25 rúmmetra. Þá kemur fram að gjald sé tekið fyrir geymslu vörubifreiða, rúta, eftirvagna og húsbíla. Samkvæmt framangreindu fellst kærunefndin ekki á með sóknaraðila að reikningar varnaraðila séu í ósamræmi við umrædda gjaldskrá, enda telur nefndin ljóst að varnaraðila var rétt að rukka sóknaraðila um gjald vegna bifreiðarinnar annars vegar og kerrunnar hins vegar í samræmi við gjaldskrá varnaraðila. Breytir samanlögð stærð á eignum sóknaraðila því ekki. Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að bæta tjón vegna skemmda sem urðu á bifreið og kerru sóknaraðila í meðförum varnaraðila. Samkvæmt 68. gr. siglingalaga nr. 34/1985 ber farmflytjanda að bæta það tjón sem hlýst af því að farmur skemmist eða glatist meðan hann er í vörslum farmflytjanda á skipi eða í landi. Sönnunarbyrði um að tjón hafi orðið á farmi á meðan hann er í vörslum farmflytjanda hvílir á sóknaraðila. Sóknaraðili hefur ekki lagt fram gögn sem sýna fram á að tjón hafi orðið á umræddum munum í vörslum varnaraðila. Af þeim sökum telur kærunefndin ekki hægt að fallast á kröfu sóknaraðila um skaðabætur vegna tjóns á eignum hans.

Þá gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða reikning að fjárhæð 357.154 krónur vegna vanefnda á samkomulagi aðila frá 30. september 2022. Sóknaraðili byggir á því að starfsmaður varnaraðila hafi samþykkt að afhenda umrædda muni án greiðslu reikninga vegna geymslugjalda en hafi síðar, þegar sóknaraðili hafi verið kominn til [...], neitað afhendingu þeirra. Fyrir liggur að tollafgreiðslu umræddra muna var ekki lokið þann 30. september 2022 og var varnaraðila því óheimilt að afhenda munina án leyfis tollyfirvalda. Kærunefndin telur af þeim sökum ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila.

Sóknaraðili hefur vísað til þess að hann hafi orðið fyrir afnotamissi á meðan kerran og bifreiðin voru í vörslum varnaraðila. Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða bætur vegna afnotamissis. Líkt og fyrr segir var varnaraðila óheimilt að láta af hendi umræddar eigur sóknaraðila án leyfis tollyfirvalda. Ekki hefur verið sýnt fram á að tollafgreiðsla og greiðsla aðflutningsgjalda hafi farið fram áður en sóknaraðili gat fengið eigur sínar afhendar. Í ljósi þess að ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir alfarið á sóknaraðila telur kærunefndin ekki hægt að fallast á kröfu sóknaraðila um bætur vegna afnotamissis. Þá telur kærunefndin ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila um bætur vegna framkomu varnaraðila í hans garð, enda liggur ekkert fyrir um að sóknaraðili hafi orðið fyrir tjóni vegna skaðabótaskyldrar háttsemi varnaraðila.

Að lokum gerir sóknaraðili kröfu um endurgreiðslu þeirrar greiðslu sem hann innti af hendi árið 2019 til varnaraðila vegna farmskírteinis. Farmskírteini er grundvöllur réttarstöðu farmflytjanda og viðtakanda farms sín á milli um flutning og afhendingu vörunnar, sbr. 110. gr. siglingalaga. Í 62. gr. laganna segir að þegar viðtakandi tekur við farmi skuldbindi hann sig með því til að greiða farmgjöld og aðrar kröfur sem farmflytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt farmskírteini eða öðru skjali sem segir fyrir um flutning farmsins. Farmflytjandi skal, samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru, færa á farmskrá farm og allar vörur sem fluttar eru til landsins og úr landi. Þá er í 5. gr. reglugerðarinnar mælt fyrir um þær upplýsingar sem skulu koma þar fram. Samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar eru sendingarnúmer auðkennisnúmer vörusendinga í farm- og tollskjölum. Ber farmflytjendum að gefa vörusendingum sem þeir flytja til og frá landinu einkvæm sendingarnúmer. Af framangreindu leiðir að það hvílir almennt skylda á varnaraðila að skrá vörur sem fluttar eru til landsins á farmskrá. Ekkert liggur fyrir um að sóknaraðili hafi skilað inn útfylltu eyðublaði með beiðni um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiðarinnar. Af þeim sökum og með vísan til tómlætis sóknaraðila varðandi þennan kröfulið telur kærunefndin ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu á greiðslu vegna farmskírteinis sem innt var af hendi árið 2019 í tengslum við flutning sóknaraðila á bifreið til landsins.

V

**Úrskurðarorð**

Varnaraðila, Y, ber að lækka greiðslukröfu sína á hendur sóknaraðila, X, um 272.867 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson